

## 14. fundur ferðamálaráðs

2. maí 2017 kl. 14-16

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Mættir:** Unnur Valborg Hilmarsdóttir formaður, Eva Björk Harðardóttir varaformaður, Þórir Garðarsson, Ásbjörn Þ. Björgvinsson, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Sævar Skaptason, Díana Mjöll Sveinsdóttir (í síma), Ólöf Ýrr Atladóttir og María Reynisdóttir sem ritaði fundargerð.

**Gestir:** Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Guðrún Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar í fjármála – og efnahagsráðuneytinu, Marianna Jónasdóttir skrifstofustjóri skrifstofu skattamála í fjármála – og efnahagsráðuneytinu og Jón Óskar Pétursson sérfræðingur á skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

**Forföll boðuð:** Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Ásbergsson og Hjálmar Sveinsson

---

### 1. Kynning frá Samtökum ferðaþjónustunnar vegna fyrirhugaðra skattbreytinga í ferðaþjónustu

Helga Árnadóttir kynnti afstöðu samtakanna til fyrirhugaðra skattbreytinga í ferðaþjónustu 1. júlí 2018. Samtökin gagnrýni óskýr markmið með breytingunum, skort á greiningum, skort á samráði við greinina, skamma fyrirvara og óheppilega tvískiptingu breytinganna. Mat samtakanna væri að VSK breytingarnar muni leggja þungt á greinina, rýra samkeppnisstöðu hennar, hafa slæm áhrif á ferðamynstur, flækja kerfið enn frekar og auka hvata til undanskota. Samtökin geri skýlausa kröfu um að áformaðar breytingar á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu í fjármálaáætlun 2018-2022 verði að fullu dregnar til baka.

### 2. Kynning frá fjármála – og efnahagsráðuneytinu á fyrirhuguðum skattbreytingum í ferðaþjónustu

Guðrún Þorsteinsdóttir og Marianna Jónasdóttir kynntu hvaða breytingar væri um að ræða, þá annars vegar hvaða ferðaþjónustutengda starfsemi færist í almennt þrep virðisaukaskatts 1. júlí 2018 og hins vegar lækkun almenns þreps virðisaukaskatts úr 24% í 22,5% 1. janúar 2019. Fyrirhugaðar breytingar væru niðurstaða endurskoðunar á VSK kerfinu sem eigi sér töluverðan aðdraganda. Farið var yfir ástæður breytinganna og líkleg áhrif þeirra á tekjur ríkissjóðs, verðlag og umsvif ferðaþjónustu. Jafnframt var farið yfir ýmis álitamál í umræðunni s.s. greiningar og samráð að baki breytingunum og mögulegri þörf á mótvægis aðgerðum. Tekið var fram að athugasemdir væru velkomnar og að VSK kerfið yrði áfram til skoðunar.

### 3. Umræður og umsögn ferðamálaráðs til fjárlaganefndar

- Fundarmenn voru með mismunandi skoðanir á VSK breytingunum en sammála um að mikilvægt væri að horfa á stóru myndina. Taka þyrfti tillit til samspils áhrifa mismunandi þátta s.s. gengisbreytinga, launaþróunar, vaxtastigs og fyrri skattbreytinga á starfsumhverfi ferðaþjónustu við undirbúning aðgerða sem þessara.
- Áhyggjur fundarmanna af áhrifum VSK breytinganna vörðuðu helst samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu m.t.t. alþjóðlegrar samkeppni og rekstur minni fyrirtækja á landsbyggðinni m.t.t. markmiða um bætt dreifingu ferðamanna.
- Rætt um lækkun tryggingargjalds sem getið er um í fjármálaáætlun sem mögulega mótvægisáðgerð sem gæti haft mikið að segja fyrir rekstrarskilyrði greinarinnar og sveitarfélaga. Skýra þyrfti nánar þær fyrirætlanir.

- Rætt um að svört starfsemi og starfsemi erlendra ferðaþjónustu fyrirtækja hér á landi sem selja íslenska þjónustu en eru óskráð og skila ekki VSK skekkir mjög samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja (t.d. erlendar ferðaskrifstofur sem senda hingað farartæki, bílstjóra og leiðsögumenn og bókunarsíður eins og booking.com og airbnb.com). Skortur er á eftirliti með þessari starfsemi. Bæta þarf stöðuna hvað þetta varðar áður en VSK breytingarnar taka gildi. Annars er hættu á að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína út fyrir landsteinanna. Einnig bent á að önnur innlend ferðaþjónustu tengd starfsemi eins og laxveiði er ekki inn í VSK breytingunum.
- Rætt um skort á samráði þá sérstaklega við fagfólk með innsýn inn í greinina í undanfara tillagnanna um skattbreytingar í ferðaþjónustu.
- Fundarmenn fögnuðu auknum framlögum til stoðkerfis ferðaþjónustunnar sem fram koma í fjármálaáætluninni, sérstaklega áherslu á auknar rannsóknir og greiningar á ferðaþjónustunni.

Ákveðið að ferðamálaráð sendi inn umsögn um fjármálaáætlun 2018-2022 byggða á ofangreindri umræðu, til fjárlaganefndar Alþingis.

#### **4. Önnur mál**

Ákveðið að fresta umræðu um hlutverk og skipulag starfa ráðsins til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 16:35